

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Páll Guðmundsson greiði áfrýjanda Jóni Felixsyni 415 krónur með 5⁰/₁₀₀ ársvöxtum frá 9. maí 1911 til greiðsludags og 40 krónur í málskostnað. Skipuðum málfærslumanni áfrýjanda, Gísla Sveinssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, ber í málfutningslaun 25 kr., er greiðist af almannafé.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 24/1913.

Einar M. Jónasson
gegn

Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni bankastjórum f. h. Landsbankans, Birni Bjarnarsyni sýslumanni, Páli Ólafssyni og Benediktu G. H. Benediktsdóttur.

Dómur:

Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður hefir með stefnu, dags. 21. apríl þ. á, skotið til yfirdómsins uppboðsgerð, er fram fór í Búðardal í Dalasýslu 16. ágúst 1909 samkvæmt kröfu hinna stefndu bankastjóra fyrir hönd Landsbankans á húsi í Búðardal, eign Benediktu G. H. Benediktsdóttur, til lúkningar 2800 kr. skuld til veð-

deildar bankans, en á uppboði þessu varð áfrýjandi hæstbjóðandi, og var húseignin slegin honum. Hann krefst þess nú fyrir yfirdóminum, að uppboðsgerðin verði staðfest í öllum greinum, að Björn Bjarnarson sýslumaður og bankastjórnarnir Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson fyrir hönd Landsbankans verði dæmdir in solidum eða hver einstakur þeirra, til að greiða sér skaðabætur, 5000 kr., að uppboðsráðandi verði skyldaður til, að viðlögðum hæfilegum dagsektum, alt að 25 kr. fyrir hvern dag, að gefa út uppboðsafsal til áfrýjanda fyrir nefndri húseign, að hann ennfremur verði dæmdur til að greiða áfrýjanda leigu af húsinu, alt að 50 kr. á mánuði, að sérhvert afsal á húseigninni, er fram hafi farið eftir 16. ágúst 1909 til annara, sérstaklega til Páls Ólafssonar kaupmanns í Búðardal, verði dæmt ógilt, og að hinir stefndu bankastjórar og uppboðsráðandi verði dæmdir til að greiða áfrýjanda allan kostnað hans við áfrýjun málsins eftir mati yfirdómsins.

Fyrir hönd bankastjóranna er þess krafist, að þeir verði sýknaðir í málinu, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað og sektaður fyrir óþarfa þrætu. Af hálfu annara þeirra, er stefndir eru, hefir eigi verið mætt eða látið mæta fyrir yfirdóminum.

Í uppboðsskilmálunum við framangreint uppboð 16. ág. 1909 á húseigninni í Búðardal, var um greiðslu kaupverðsins áskilið, að það, ásamt 2% innheimtulaunum, skyldi greitt uppboðshaldara 1. nóv. s. á., þó mætti kaupandi ganga inn í veðskuld til veðdeildarinnar, gegn því að borga þær upphæðir, sem áfallnar væru til hennar, en ef kaupandi greiddi eigi í réttan gjalddaga það, sem umfram væri veðskuldina og 2% innheimtulaun af öllu upp-

boðsandvirðinu, mætti selja húseignina á hans kostnað. Áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi í tæka tíð int af hendi þessar greiðslur og verið viðbúinn að taka að sér veðdeildarskuldina, en bankastjórnarnir hafi hindrað það með ástæðulausum undanfærslum og uppboðsráðandi synjað sér um afsalsbréf fyrir eigninni.

Það sést þó af skjölum málsins, einkum þeim, er áfrýjandi hefir lagt fram, að hann hefir eigi fullnægt uppboðsskilmálunum um greiðslu uppboðsandvirðis og innheimtulauna í réttan gjalddaga. Húseignin var því eftir kröfu Landsbankans boðin upp aftur og seld öðrum kaupanda sumarið 1911. En þar sem áfrýjandi þannig ekki fullnægði uppboðsskilmálunum, glataði hann við það rétti þeim, er hann öðlaðist við uppboðið sem hæstbjóðandi í húseignina, og var honum þá einnig heimildarlaust og gagnslaust að áfrýja uppboðsgerðinni 16. ág. 1909 til staðfestingar. Þeirri kröfu áfrýjanda ber því að vísa frá yfirdóminum.

Kröfur áfrýjanda á hendur uppboðsráðandanum og bankastjórnunum geta eigi heldur komið til álita fyrir yfirdóminum, þegar af þeirri ástæðu, að gerðir þær, eða synjanir af hálfu hinna stefndu, sem kröfurnar eru byggðar á, eru eigi réttargerðir, er skotið verði til æðra dóms, og eigi hefir heldur neinn héraðsdómur gengið um kröfur þessar, svo að yfirdóminum sé heimilt að prófa þær.

Samkvæmt þessu ber að vísa málinu í heild sinni frá yfirdóminum, og ber áfrýjanda að greiða hinum stefndu bankastjórnunum fyrir hönd Landsbankans 30 kr. í málskostnað, en ekki þykir öldungis næg ástæða til þess að sekta hann fyrir ástæðulausa þrætu.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandi Einar M. Jónasson greiði stefndu Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni fyrir hönd Landsbankans 30 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá lögbirtingu þessa dóms, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 9/1912.

Stefán Björnsson

gegn

Rich. Ekwall.

Dómur:

Með gestaréttardómi Reykjavíkur uppkveðnum 8. des. 1911 var áfrýjandi þessa máls, Stefán Björnsson kaupmaður í Borgarnesi, dæmdur til að greiða Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd Rich. Ekwall í Halmstad 2313 kr. 94 a. með 6⁰/₁₀ ársvöxtum frá 27. sept. 1907 til borgunardags og málskostnað að skaðlausu. Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 23. febr. f. á., og krafist þess, að dómnum verði breytt þannig, að honum verði að eins gert að greiða vexti af dómsupphæðinni frá 27. desbr. 1909, og að stefndi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum dómum.

Af hálfu stefnda hefir eigi verið mætt í málinu og verður því samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. að dæma það eftir skjölum þeim, er áfrýjandi hefir lagt fram.